AUGLÝSING

um friðland í Surtsey.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Surtsey friðland.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Óheimilt er að fara í eyna nema með leyfi Surtseyjarfélagsins, sem hefur umsjón með vísindarannsóknum þar, og hefur Náttúruverndarráð falið félaginu umsjón með eynni.
2. Bannað er að raska nokkru í eynni. Leyfi Náttúruverndarráðs þarf til að reisa þar varanleg mannvirki.
3. Bannað er að flytja í eyna lifandi dýr, plöntur, fræ eða plöntuhluta.
4. Bannað er að skilja eftir hvers konar úrgang í eynni og við hana.
5. Skot eru bönnuð nær eynni en 2 km.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Felld eru úr gildi eldri ákvæði um friðun eyjarinnar.



Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með með skírskotun til 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 3. apríl 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson

4. apríl 1974. Nr. 123.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 20 frá 18. mars 1961 fyrir Verslunarbanka Íslands h.f.

1. gr.

Í stað orðanna „10 230 millj. króna" í 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar komi: 100 milljónir króna.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Með yfirstjórn bankans fer fundur hluthafa, svo sem segir í samþykktum félagsins, svo og bankaráð, sem kosið er á aðalfundi bankans. Er það skipað fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Bankaráð ræður bankastjóra, einn eða fleiri.

3. gr.

Í stað orðanna „ 3 bankaráðsmenn" í 3. málsl. 1. mgr. 39. reglugerðarinnar komi: 5 bankaráðsmenn.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem hlaut meðferð og afgreiðslu á aðalfundi Verslunarbanka Íslands h/f 7. apríl 1973, staðfestist hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 4. apríl 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

5. apríl 1974. Nr. 124.

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina á skyldunámsstigi skólaárið 1974—1975.

1. Auglýsing þessi tilgreinir þann ramma, sem miða skal við, þegar stundaskrá nemenda í skyldunámi skólaárið 1974—1975 er ákveðin. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 136 frá 6. apríl 1973.
2. Neðangreindur stundaskrárrammi tiltekur það meðaltal kennslustunda, sem hver nemandi skal fá á viku hverri. Undantekning frá þessu er þó neðsta lína töflunnar, „Kennarastundir til ráðstöfunar", sbr. 3. lið.